

## Stjórnarfundur 299

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
28.05.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 299</a>

#### Fundarritari

Hilda Jana Gísladóttir

#### Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Hilda Jana Gísladóttir

Sóley Björk Stefánsdóttir

Heimir Örn Árnason, fyrir Þórhall Jónsson

Þróstur Friðfinnsson, áheyrnarfulltrúi

#### Fundartími

09:00 – 11:57

#### Fjarverandi

#### Starfsfólk

Eyþór Björnsson, forstjóri

Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri

framkvæmdasviðs

#### Gestir

Haraldur Hallgrímsson og Sigurbjörg Ásta

Jónsdóttir, frá Landsvirkjun í fjarfundi

Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri Eims

---

**Dagskrá fundar:**

- 1. Íslensk Orka ehf. Hlutfjárukning**
- 2. Eimur - starfsemi og áherslur**
- 3. Þriggja mánaða uppgjör**
- 4. Reykjaveita - vegna erindis Grýtubakkahrepps**
- 5. Önnur mál**

## 1. Íslensk Orka ehf. Hlutfjárukning

Haraldur Hallgrímsson og Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir hjá Landsvirkjun komu á fundinn í fjarfundi og fóru yfir viðskiptaþróunarmöguleika í Öxarfirði.

Á undanförunum árum hefur áhugi á heitum lághitasvæðum til raforkuvinnslu og varma til iðnaðar aukist mikið. Slíkar auðlindir eru að verða uppseldar á flestum svæðum á suðurhluta landsins og hafa fyrirtæki því í auknum mæli sýnt Öxarfirði áhuga. Hluthafar Íslenskrar orku ehf. (ÍO) hyggjast nú setja aukinn kraft í mat á auðlindinni, tryggja áframhaldandi réttindi og vinna að viðskiptaþróun svæðisins. Til að það geti orðið er nú nauðsynlegt að auka við hlutfé félagsins og er stefnt að því að samþykkja hlutfjárukningu á aðalfundi félagsins þann 19. júní 2024.

Á fundi stjórnar ÍO þann 18. mars 2024 var eftirfarandi bókun samþykkt:

*„Sækja þarf um rannsóknarleyfi hjá Orkustofnun og breyta samþykktum á þann veg að heimild yrði til hlutfjárukningar allt að 60 milljónum og gildi þá til 2030, hlutfé yrði innkallað í samræmi við fjárbörf.*

### Gróf greiðsluáætlun

- 2024 10 millj. Lögfræði, rannsóknarleyfi, greining á tækifærum, og viðhald borholu
- 2025 20 millj. Afkastaprófanir og viðnámsmælingar
- 2026 20 millj. Hitastigulsholur
- 2027 10 millj. Úrvinnsla og frekari rannsóknir"

Gert er ráð fyrir að hver hluthafi leggi til aukið hlutfé í hlutfalli við eignarhlut viðkomandi. Norðurorka er stærsti hluthafi í ÍO með 36,26% hlut, Landsvirkjun á 32,29% og Orkuveita Húsavíkur á 31,45%. Samþykkt um hlutfjárukningu gildi í allt að 6 ár. Hér með óskar Íslensk Orka ehf. eftir því að stjórn Norðurorku hf. heimili aukningu á hlutfé í félaginu Íslenskri orku ehf. um allt að 22 mkr, sem greiðist út í áföngum á næstu árum.

**Stjórn samþykkir hlutfjárukningu í Íslenskri Orku ehf. 22 mkr.**

## 2. Eimur - starfsemi og áherslur

Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri Eims, fór yfir helstu mál sem eru í vinnslu hjá Eimi og eru framundan.

**Stjórn þakkar Ottó fyrir skýra og góða kynningu og hlakkar til að sjá framvindu verkefna á vettvangi Eims.**

## 3. Þriggja mánaða uppgjör

Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri, fór yfir þriggja mánaða uppgjör Norðurorku hf. Fyrir liggur 3ja mánaða rekstraryfirlit Norðurorku hf. móðurfélags. Fjármálastjóri fór yfir rekstraryfirlitið, ásamt efnahag og sjóðstreymi, samanburð við áætlun 2024 og fyrra ár. Hagnaður tímabilsins nemur 156 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 151 millj. kr. hagnaði. Nokkrar árstíðasveiflur eru í tekjum og gjöldum, sem áætlun tekur ekki tillit til. Afkoma tímabilsins og veltufé frá rekstri eru umtalsvert betri en fyrir sama tímabil 2023.

Lagt fram til kynningar.

**Stjórn þakkar fjármálastjóra fyrir góða yfirferð og gerir ekki athugasemdir við þriggja mánaða uppgjörið.**

#### **4. Reykjaveita - vegna erindis Grýtubakkahrepps**

Pröstur Friðfinnsson bar upp vanhæfi sitt við þennan lið. Var það samþykkt og vék hann af fundi.

Stjórn ræddi erindi Grýtubakkahrepps frá 21. febrúar þar sem óskað var eftir því að verðskrá veitunnar verði lækkuð. Norðurorka hefur skoðað rökfærslur sem erindið tekur til og metið áhrif þess sem lagt var fram í erindinu.

Í samkomulagi um lagningu Reykjaveitu frá árinu 2006 er kveðið á um það að gjaldskrá skuli taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Það hefur gengið eftir en þróunin hefur frekar verið undir verðlagsþróun, ef eitthvað er. Á sama hátt kveður samkomulagið á um að fastagjald skuli vera það sama og á Akureyri og hefur sú verið raunin. Norðurorka hefur þannig uppfyllt ofangreind grunnskilyrði samkomulagsins.

Í erindi Grýtubakkahrepps segir að grunnforsenda fyrir lagningu Reykjaveitu hafi verið að húshitunarkostnaður yrði lægri en við rafmagnskyndingu. Það sé með öllu óeðlilegt og verulega ósanngjarnt að hitaveitan sé um 17% hærri en rafmagnskynding.

Mikilvægt er að horfa til þess að niðurgreiðslur rafmagns til húshitunar voru allt aðrar á árunum 2005/2006 en þær eru í dag. Niðurgreiðslur rafmagns til húshitunar hafa aukist mikið, sérstaklega á síðustu árum og hafa hækkað um 28% umfram verðlag frá þeim tíma sem samkomulag um lagningu Reykjaveitu var gert og hækkað 59% meira en verðskrá Reykjaveitu á sama tíma. Bent skal á að það er markmið löggjafar um niðurgreiðslur að jafna húshitunarkostnað í landinu. Það er ánægjulegt að það hafi tekist, en um leið verður samanburður hitaveitna við niðurgreidda rafmagnshitun hitaveitum í óhag í einhverjum tilfellum.

Rétt er að minna á það að Reykjaveita var á árunum 2023 og 2024 hækkuð mun minna en hitaveitan á Akureyri. Hækkun Reykjaveitu var í takti við verðlag en Akureyrarveitan var hækkuð meira til að mæta framkvæmdum.

Hitaveitan á Akureyri var mjög dýr í upphafi á meðan samfélagið var að greiða niður stofnfjárfestingar veitunnar. Uppreiknað til verðlags í dag kostaði rúmmetri af heitu vatni 600 kr. árið 1985 en lækkaði hratt á næstu 25 árum eftir því sem fjárfestingin var greidd. Í dag er verð á rúmmetra af heitu vatni á Akureyri í kringum 180 kr. og samfélagið á Akureyri og í nágrenni býr að því að hafa greitt niður stofnkostnað hitaveitunnar. Sveitarfélögin Grýtubakkahreppur og Þingeyjarsveit greiddu 6,9% af stofnkostnaði Reykjaveitu og verðskrá veitunnar hefur ekki staðið undir því að greiða stofnkostnað niður.

**Stjórn Norðurorku telur gildandi gjaldskrá Reykjaveitu eðlilega miðað við fyrirliggjandi forsendur. Mikilvægt er að afkoma veitunnar standi undir rekstri og viðhaldskostnaði til framtíðar. Gjaldskrá Reykjaveitu hefur í tvígang verið hækkuð mun minna en hitaveitan á Akureyri, auk þess sem hún hefur fylgt verðlagi í samræmi við það fyrirkomulag sem lá fyrir við stofnun veitunnar.**

## 5. Önnur mál

Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs, greindi frá ábyrgðarskilmálum Landsnets vegna þverunar TDK strengsins.

Það liggur fyrir að Norðurorka þarf að þvera háspennustrenginn sem liggur frá tengivirki Landsnets á Rangárvöllum og niður í TDK, vegna lagna fyrir Móahverfi. TDK hefur ekki heimilað að spenna verði tekin af strengnum sem þýðir það að vinna þarf við stenginn spennusettan. Strengurinn er í eigu Landsnets og er á þeirra forræði. TDK er stórnotandi í beinum viðskiptum við Landsnet og er ekki á dreifikerfi Norðuorku.

Eðli máls samkvæmt þarf Norðurorka, sem framkvæmdaaðili, að fylgja verklagi Landsnets við þessar framkvæmdir og vinna verkið undir leiðsögn spennuvarðar sem Landsnet leggur til.

Landsnet gerir kröfu um að Norðurorka beri alla ábyrgð og tryggi Landsneti skaðleysi hvað sem gerast kann, þ.m.t. tjón sem þriðji aðili kann að verða fyrir. Um leið gerir Landsnet kröfu um að fylgt sé þeirra verklagi við framkvæmdina og ætla að stýra á vettvangi.

Þessar kröfur Landsnets eru mjög íþyngjandi og ef t.d. TDK yrði fyrir rekstrartruflunum þá yrði tjón sem af slíku kann að hljóttast sótt á Norðuorku. Gæti það numið stórum fjárhæðum ef slíkt gerðist. Ábyrgðakrafa Landsnets nær langt út fyrir það sem "eðlileg" almenn skaðabótakrafa nær yfir. Norðurorka getur ekki gengið að þessum skilyrðum og mun ekki skrifa undir verkleyfið óbreytt.

### ***Sett fram til upplýsingar***

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:57